

Umsögn atNorth um *Drög að atvinnustefnu Íslands - vaxtarplan til 2035*

atNorth er leiðandi norrænt gagnaversfyrirtæki sem býður hagkvæma og sjálfbæra þjónustu ásamt sérsniðnum lausnum sem njóta trausts leiðandi tæknifyrirtækja. Með sjálfbærni að leiðarljósi eru gagnaver atNorth knúin endurnýjanlegri orku og styðja við hringrásarhagkerfið. Öll gagnaver fyrirtækisins nýta nýstárlega hönnun, orkunýtingu og ígrundaða rekstrarstýringu til að tryggja langtímainnviði og sveigjanlegar lausnir við hýsingu og vinnslu gagna. Höfuðstöðvar atNorth eru í Hafnarfirði, en fyrirtækið rekur átta gagnaver á Norðurlöndum, þar af þrjú á Íslandi. Níunda gagnaver atNorth er í smíðum í Kouvola í Finnlandi og það tíunda í Ølgod í Danmörku.

atNorth fagnar framlagningu heildstæðra draga að atvinnustefnu Íslands og tekur undir mikilvægi þess að móta langtímasýn sem styður fjölbreyttan útflutning, eykur framleiðni og tryggir sjálfbæra verðmætasköpun. Hér að neðan er yfirlit yfir helstu aðgerðir sem stjórnvöld geta ráðist í til að styðja við útflutningsvöxt gagnaversiðnaðar og iðngörðum tengdum þeim.

Gagnaver, líkt og annar orkusækin iðnaður, eru mjög háð áreiðanlegri afhendingu rafmagns. Aðgengi að raforku er í dag stærsti flöskuhálsinn í uppbyggingu iðnaðarins á Íslandi. Takmarkað framboð raforku og óvissa um hversu mikla orku er hægt að semja um frá íslenskum raforkuframleiðendum fyrir tímabilið 2027-2030 hægir verulega á markaðssókn íslenskra gagnavera.

Þegar raforka er til staðar hjá raforkuframleiðendum þarf næst að tryggja flutningsgetu Landsnets. Þar horfir til batnaðar með Suðurnesjalínu 2. Á Akureyri er næst stærsti tengipunktur landsins fyrir gagnaver og þar er einnig betri staða á framleiðsluhlið raforku. Hins vegar er afar takmörkuð flutningsgeta raforku inn á svæðið, sem er helsti dragbítur frekari uppbyggingar gagnaversiðnaðar á Eyjafjarðarsvæðinu eins og sakir standa og þarf að gera mun betur ef duga skal til að nýta þau tækifæri sem eru til uppbyggingar iðnaðarins á því svæði.

Gagnaver geta hvorki vaxið né starfað án öflugra nettenginga. IRIS strengurinn olli straumhvörfum fyrir íslensk gagnaver, en áframhaldandi uppbygging fjarskiptatenginga er lykilatriði. Nauðsynlegt er að hefja sem fyrst lagningu nýs strengs til Evrópu. Farice strengurinn er kominn á aldur og sama má segja um Danice, sem undirstrikar mikilvægi þess að tryggja framtíðaröryggi gagnatenginga.

Aðgengi að raforku og gagnatengingum er því frumforsenda starfsemi gagnavera. Hér hafa stjórnvöld því einstakt tækifæri til að stíga inn og stuðla að skýrum, skilvirkum og stöðugum aðstæðum fyrir uppbyggingu greinarinnar.

Samkeppnishæfni gagnavera ræðst af nokkrum megin þáttum. Ofangreindir þættir, þ.e. rafmagn og nettengingar, eru undirstöðuskilyrði. Þegar þeim er fullnægt ræðst samkeppnishæfni gagnavera einkum að fjórum þáttum: (i) verði, (ii) vinnuafli, (iii) skattaumhverfi og (iv) pólitískum stöðugleika. Þessir þættir verða rýndir hér að neðan.

(i) Verð

Helstu kostnaðarliðir gagnavera eru vélbúnaður viðskiptavina, rafmagn, flutningskostnaður rafmagns, byggingakostnaður, innviðabúnaður og nettengingar.

Rafmagnsverð á Íslandi hefur verið samkeppnishæft, sé miðað við verð á hverja MWh að inniföldum flutningskostnaði. Eftir miklar verðhækkanir á raforku frá árinu 2023 má þó segja að heildarkostnaður á Íslandi sé sambærilegur við önnur Norðurlönd, utan Danmerkur, þó enn töluvert lægri en í Mið-Evrópu. Nyrðstu héruð Svíþjóðar og Noregs skera sig þó úr og eru töluvert hagstæðari en Ísland.

Ólíkt mörgum öðrum mörkuðum þurfa íslensk gagnaver að bera alla áhættuna af svokölluðum Take-or-Pay ákvæðum í raforkusamningum, bæði gagnvart framleiðendum og flutningsaðilum. Þótt slík ákvæði þekkist erlendis eru aðstæður ósambærilegar þar sem þar er hægt að selja ónotuðu orkuna aftur inn á raforkumarkað Nordpool (á Íslandi er tekið fyrir í raforkusamningum alla frjálsa endursölu á raforku en þar fyrir utan er markaður smár). Ströng Take or Pay ákvæði flutningsaðila (Landsnets) eru séríslensk í norrænu samhengi og eru mjög kostnaðarsöm fyrir gagnaver. Íslensk gagnaver hafa ekki verðlagt þessa áhættu inn í raforkuverð til endanotenda hingað til, en ljóst er að það er ekki sjálfbært til lengdar. Þegar fyrirtækin vaxa og erlend fjárfesting eykst mun þetta í reynd þýða 20–30% herra raunverð raforku en raforkusamningar segja til um.

Auk þess óska íslenskir raforkusalar eftir innbyggðri verðtryggingarvernd í samningum sínum, sem er óalgengt í sambærilegum samningum erlendis, sérstaklega þegar tekið er mið af tímalengd samninga sem gagnaverum bjóðast hérlendis.

Vélbúnaður viðskiptavina og innviðabúnaður gagnavera kostar almennt það sama á Íslandi og annars staðar í Evrópu eða Bandaríkjunum, en hærri vöruflutningskostnaður til landsins hækkar fjárfestingu um 2–3%. Á móti kemur að vegna kaldara loftslags á Íslandi er þörf fyrir lægri fjárfestingu í kælibúnaði en annars staðar á Norðurlöndum, sem sparar 3–4% af heildarbyggingakostnaði. Byggingakostnaður í heild er sambærilegur við önnur Norðurlönd, nema þegar nauðsynlegt er að hraða framkvæmdum með vaktafyrirkomulagi, þá hækkar kostnaður á Íslandi töluvert.

Nettengingar eru umtalsvert dýrari hérlendis en á Norðurlöndum, einkum vegna kostnaðar um strengi Farice. Munurinn hefur þó minnkað umtalsvert með tilkomu IRIS strengsins, en þörf er á áframhaldandi styrkingu innviða til að viðhalda samkeppnishæfni.

(ii) Vinnuafli

Ísland er líttill vinnumarkaður og talsvert erfiðara er að finna hæft starfsfólk en á öðrum Norðurlöndum. Að meðaltali skapar gagnaverksrekstur 2-3 bein störf fyrir hvert MW, og því er ljóst að fjöldamörg störf skapast í gagnaversrekstri, því utan beinna starfa skapast um 6-7 óbein störf en mun fleiri afleidd störf. Mestur er skorturinn á verkfræðingum, rafvirkjum og vélvirkjum, sem eru lykilstarfsgreinar fyrir rekstur og uppbyggingu gagnavera.

(iii) Skattaumhverfi

Íslensk skattaumhverfi hefur lengi valdið gagnaversiðnaðinum áskorunum, sérstaklega hvað varðar virðisaukaskatt. Fjöldi ágreinings- og málaferla vegna virðisaukaskattmála hefur staðfest það. Bragarbót varð árið 2024 en mikilvægt er að tryggja að skattaumhverfið sé skilvirk og í takt við alþjóðlegar viðteknar venjur.

Viðskiptavinir gagnavera þurfa að leggja út virðisaukaskatt vegna innflutts búnaðar, og getur endurgreiðsluferlið tekur allt að tvo mánuði ef vel tekst til. Vegna hárra fjárhæða er þetta verulegur dragbítur fyrir iðnaðinn og ber að horfa til hvernig önnur Norðurlönd hafa leyst samskonar mál.

(iv) Pólitískur stöðugleiki

Alþjóðlegir viðskiptavinir gagnavera leggja ríka áherslu á pólitískan stöðugleika og stuðning stjórnvalda við gagnaversiðnað. Hér spilar líka inn í hvernig staðsetningin kemur út í geopólitísku samhengi. Íslenskur gagnaversiðnaður fékk algeran skell þegar Bandaríkin lögðu á útflutningshömlur til Íslands á gervigreindarbúnað. Viðskiptavinir fylgjast jafnframt grannt með líkum á lagabreytingum, skattkerfisbreytingum og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á rekstrarskilyrði. Fyrirsjáanleiki og stöðugleiki eru því lykilatriði.

Ísland býr yfir einstöku samkeppnisforski, sjálfbærri orku, náttúrulegri kælingu og norðurhvelsstöðugleika, og hefur því óvenju sterkt tækifæri til að tryggja sér sterka stöðu í alþjóðlegum gagnaversiðnaði. Slíkt krefst skýrrar stefnumörkunar og markvissra aðgerða sem stuðla að því að tryggja aðgengi að raforku og gagnatengingum, draga úr rekstraráhættu tengdri raforkusamningum, bæta aðgengi að sérhæfðu vinnuafli, einfalda skattaumhverfi í takt við alþjóðlega bestu framkvæmd og tryggja stöðugt og fyrirsjáanlegt regluverk. Þannig geta stjórnvöld skapað umhverfi þar sem íslenskur gagnaversiðnaður getur vaxið, laðað til sín erlenda fjárfestingu, skapað hátæknistörf og áfram verið leiðandi í sjálfbærum upplýsingainnvíðum framtíðarinnar.

Virðingarfyllt,

Eyjólfur Magnús Kristinsson

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir